



Nefnda- og greiningarsvið Alþingis
B.t. atvinnuveganefndar
Smiðju við Tjarnargötu
101 Reykjavík

SENT Á UMSAGNAGÁTT

Reykjavík, 15. apríl 2026

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Stofnun atvinnuveganna (568. mál)

Félag atvinnurekenda (FA) og Samtök fiskframleiðenda og útflytjenda (SFÚ), hér eftir samtökin, vísa til beiðni atvinnuveganefndar, dags. 27. mars sl., um umsögn um ofangreint mál, á þingskjali 964.

Samtökin gera ekki athugasemdir við meginefni frumvarpsins og styðja markmið þess um einfaldari og skilvirkari stjórnáætlun, hagræðingu í ríkisrekstri og hlítu við reglur samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Þá styðja samtökin eindregið þá sameiningu matvælaeftirlits í einni stofnun, sem frumvarpið kveður á um, enda er mismunandi framkvæmd eftirlits eftir svæðum vandamál, sem félagsmenn samtakanna hafa lengi gagnrýnt.

Tilmæli Samkeppniseftirlitsins nr. 2/2012 um samkeppnisskilyrði í sjávarútvegi

Athugasemdir samtakanna snúa eingöngu að ákvæðum einna þeirra laga, sem breyta á með frumvarpinu, þ.e. laga nr. 13/1998 um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna. Athugasemdir samtakanna byggjast á áliti Samkeppniseftirlitsins (SKE) nr 2/2012, og tilmælum, sem beint var til þáverandi atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra. Ráðuneytið hefur á þeim tíma, sem síðan er liðinn, í engu brugðist við tilmælunum.

Samtökin hafa talið að við þá breytingu, sem frumvarpið kveður á um, þar sem ofangreind löggjöf er m.a. undir, sé tækifæri til að taka tillit til tilmæla samkeppnisyfirlitsins og gera breytingar á lögunum í þágu bættra samkeppnisskilyrða í sjávarútvegi. Þessum sjónarmiðum var komið á framfæri við atvinnuvegaráðuneytið er drög að frumvarpi þessu voru til umsagnar. Samtökin lýsa vonbrigðum með einkar snautlega afgreiðslu á þessum ábendingum í samráðskafla greinargerðar frumvarpsins, en þar segir:

Þrátt fyrir athugasemdir varðandi Verðlagsstofu skiptaverðs og tengingu við kjarasamning sjómanna er talið að frumvarpið eins og það er lagt fram sé fullnægjandi hvað varðar afmörkun verkefna er varðar lög um Verðlagsstofu skiptaverðs. Er í fyrsta

lagi til þess að líta að lög um verkefni sem að þessu líta halda efnislega gildi sínu óbreytt og að framkvæmd þeirra laga verður falin sérstakri einingu innan stofnunarinnar þar sem gætt verður að aðskilnaði milli þeirra verkefna og annarra verkefna stofnunarinnar.

Í þessu felast engin efnisleg eða málefnaleg viðbrögð við ábendingum og athugasemdum samtakanna og er því tilefni til að rekja þær hér.

Óheppilegt fyrirkomulag á úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna

Í tilmælum samkeppnisyfirvalda kom fram að hvatar kynnu að vera hjá lóðrétt samþættum útgerðarfyrirtækjum, sem yllu því að þau gæfu upp sem lægst verð í innri viðskiptum milli vinnslu- og útgerðarhluta fyrirtækjanna. Með því gætu þau dregið úr gjaldtöku ríkisins og annarra opinberra aðila af rekstrinum og lækkað launakostnað sinn. Þetta á við um t.d. gjaldstofna veiðigjalda og hafnargjalda.

Í álitinu sneri ein ábendinga SKE til ráðherra að því að það fyrirkomulag laganna um Verðlagsstofu, að hagsmunasamtök útvegsmanna og sjómanna ákveði svokallað viðmiðunarverð á slægðum og óslægðum fiski í innri viðskiptum, væri að mati Samkeppniseftirlitsins óheppilegt í samkeppnislegu samhengi. SKE benti á að ein meginforsenda þess að virk samkeppni geti verið fyrir hendi sé að keppinautar taki sjálfstæðar ákvarðanir um verð, framleiðslu og önnur viðskiptaleg málefni. Þessu sjálfstæði sé ógnað ef lög leiði til þess að keppinautar hittist reglulega og skiptist á upplýsingum um viðkvæm samkeppnisleg málefni.

SKE benti á að þrátt fyrir tengingu laganna við kjarasamninga sjómanna, ætti að vera unnt að „tryggja eðlilega framkvæmd á þessu sviði með aðferðum sem fela í sér minni hættu á samkeppnishömlum.“ „Til að koma í veg fyrir þær samkeppnishömlur sem af þessu fyrirkomulagi leiða væri eðlilegast að útvegsmenn kæmu ekki með beinum hætti að ákvörðun þessa verðs (verðlagsstofuverð). Möguleg lausn væri að efla starfsemi Verðlagsstofu skiptaverðs og gefa stofnuninni heimildir til að ákvarða viðmiðunarverð í beinum viðskiptum með fisk. Slík breyting, eða önnur sambærileg leið, myndi líklega hafa það í för með sér að verð í innri viðskiptum samþættra útgerða yrði líkara því verði sem annars myndi gilda í sambærilegum viðskiptum á milli tveggja ótengdra aðila,“ sagði í tilmælum SKE.

Ekki flókið að reikna út markaðsverðið

Í dag sitja fulltrúar tveggja af stærstu útgerðum landsins saman í úrskurðarnefndinni, sem skapar að sjálfsögðu þær hættur sem samkeppnisyfirvöld bentu á. Samtökin hvetja til þess að við þá breytingu, sem frumvarpið kveður á um, verði horft til tilmæla SKE. Langtjum eðlilegra fyrirkomulag væri að innan sameinaðrar stofnunar starfaði hópur óháðra

sérfræðinga, sem hefði það hlutverk að leggja mat á umrætt markaðsverð og gefa út viðmiðunarverð. Þetta er alls ekki flókin gjörningur, markaðsverðið er reiknað út frá sölu á eina frjálsa markaðinum með fisk á Íslandi þ.e. á uppboði Reiknistofu fiskmarkaða (RSF). Verð þetta liggur fyrir án tafar daglega.

Breyting af þessu tagi myndi ekki eingöngu draga úr samkeppnishömlum í sjávarútvegi, heldur tryggja opinberum aðilum sanngjarnari hlutdeild í aflaverðmæti. Samtökin hvetja nefndina því eindregið til að taka tillit til tilmæla SKE við meðferð málsins og gera viðeigandi breytingar á lögum nr. 13/1998.

Samtökin áskilja sér rétt til að koma frekari ábendingum og athugasemdum á framfæri á síðari stigum. Þá eru þau að sjálfsögðu reiðubúin að funda með þingnefndinni.

Virðingarfyllt,



Arnar Atlason
formaður SFÚ



Ólafur Stephensen
framkvæmdastjóri FA